



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**630. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. júlí 2026
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Einar Þorsteinsson, Hilmar Gunnarsson, Þorbjörg Gísladóttir, Þórður Þórarinnsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir
lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. júní 2026, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. kynna. Lagt er til að skýrslan verði send aðildarsveitarfélögunum til kynningar og kynnt kjörnum fulltrúum á sérstökum fundi 14. ágúst nk.

Framhald umræðu frá síðasta fundi um stöðu, verkefni og fjármögnun Samgöngusáttmálans.

Gestir

Þorsteinn R. Hermannsson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf.

Eyjólfur Árni Rafnsson formaður stjórnar Betri samgangna ohf.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Skrifstofu SSH er falið að senda skýrsluna aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa 14. ágúst nk.

Umræður.

Þorbjörg Gísladóttir fór af fundi.

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um flutning verkefna frá Strætó bs. til Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Einnig liggur fyrir til kynningar þjónustusamningur ríkis og sveitarfélaga við



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. en hann hefur nú fengið staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra.

Niðurstaða:

Umræður. Lagt fram til kynningar.

3. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016

Viljayfirlýsing um uppbyggingu sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu var undirrituð 13. maí sl. Samkvæmt viljayfirlýsingunni skal stofna stýrihóp sem leiðir verkefnið. Skólamálanefnd skipar þrjá fagaðila til setu í hópnum, stjórn SSH skipar einn fulltrúa með sérþekkingu á sviði fjármála, einn fulltrúa með sérþekkingu á sviði skipulags og byggingarmál og einn fulltrúa með aðra sérþekkingu. Í hópnum situr einnig fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytisins og hefur það tilnefnt Helga Grímsson og Lindu Heiðarsdóttur til vara.

Niðurstaða:

Stjórn SSH skipar eftirtalin í stýrihóp vegna uppbyggingar sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu:

Björg Fenger, formaður bæjarráðs Garðabæjar sem jafnframt verði formaður hópsins.

Til vara: Hildur Rós Guðbjargardóttir bæjarfulltrúi, Hafnarfirði.

Frans Páll Sigurðsson fjármálastjóri skóla- og fræðslusviðs, Reykjavík.

Til vara: Fulltrúi með sérþekkingu á sviði fjármála, Seltjarnarnesbæ.

Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

Til vara: Kristinn Pálsson skipulagsstjóri Mosfellsbæjar.

4. Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003

Samkvæmt samstarfssamningi um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu, og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/2021 vinnur farsældarráð áætlun um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára. Fyrirliggjandi til kynningar er aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 ásamt minnisblaði dags. 16. júní 2026. Lagt er til að fyrirliggjandi aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins ásamt kostnaðaráætlun verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaga SSH ásamt fyrirliggjandi minnisblaði, sbr. 2. mgr. 4. gr. samstarfssamningsins. Verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir.

Gestir

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi drög að aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins til afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna þar sem þeim verði jafnframt fylgt eftir með sérstakri kynningu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

5. Innviðagreining og þróun húsnæðismála - Sóknaráætlun 2025 - 2502012

Aðgengi að almennum innviðum er einn af lykilþáttum í gæðum byggðar og daglegu lífi íbúa. Innviðir á borð við skóla, heilbrigðisþjónustu, verslun, samgöngur og græn svæði hafa bein áhrif á búsetuskilyrði, ferðavenjur og félagslega þátttöku. Með aukinni áherslu á sjálfbæra þróun og samþættingu skipulags og samgangna hefur mikilvægi þess að greina aðgengi að slíkum innviðum aukist.

Verkefnið „Innviðagreining og þróun húsnæðismála“ er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025. Markmið þess er að gera ítarlegar greiningar á innviðum með tilliti til þróunar húsnæðismála. Skýrsla VSÓ um verkefnið er nú fyrirbyggjandi. Ráðgjafi frá VSÓ kynnir.

Er þá lagt til að skýrslan verði kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á örfundi.

Gestir

Sigurbjörn Bogi Jónsson, ráðgjafi frá VSÓ

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður. Skrifstofu SSH er þá falið að boða örfund til kynningar á skýrslunni.

Einar Þorsteinsson fór af fundi.

6. Almyrkvi á sólu 12.08.2026 - 2504002

Fyrirliggjandi til kynningar er minnisblað Kristjáns Bjarka Jónassonar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins dags. 2. júlí 2026 um stöðu mála hvað varðar viðbúnað á höfuðborgarsvæðinu vegna almyrkva á sólu 12. ágúst nk., auk minnisblaðs um þau kjarnaskilaboð sem komið verður á framfæri við íbúa vegna þessa.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

7. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Fyrirliggjandi til kynningar er minnisblað samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu á höfuðborgarsvæðinu um áhrif laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum á sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Erindið verði jafnframt lagt fyrir Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

8. Farsældarverkefni tengd vinnu farsældarráðs-Sóknaráætlun 2026 - 2602006

Á 625. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2026.

Meðal áhersluverkefna sóknaráætlunar á árinu 2026 eru farsældarverkefni tengd vinnu Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins, en meðal þeirra eru



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sameiginleg upplýsingagátt sem ætlað er að gera upplýsingar um úrræði, þjónustu og fræðslu á höfuðborgarsvæðinu aðgengilegri fyrir notendur, bæði börn og fullorðna og einnig fyrir aðra þjónustuveitendur.

Vegna þess verkefnis hefur annars vegar verið gengið til samninga við Hafstein Einarsson ráðgjafa vegna undirbúnings og greiningar verkefnisins, og hins vegar við Heimili og skóla - Landssamtök foreldra vegna stýringar verkefnisins. Eru fyrrgreindir samningar lagðir fram til kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

9. Sameiginlegt átak til að minnka veikindafjarveru á hbsv.-Sóknaráætlun 2026 - 2602009

Á 625. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2026.

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2026 er Samstillt átak til að draga úr veikindafjarveru en en markmið þess er að móta aðgerðir sem skili sér í mælanlegri fækkun fjarvista og þar af leiðandi bættri heilsu og aukinni vellíðan starfsfólks auk bættrar nýtingar fjármagns hjá sveitarfélögunum.

Gengið hefur verið til samninga við K ráðgjöf um verkefnastýringu og er samningur þess efnis lagður fram til kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

10. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 438. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 1. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

11. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 28. maí 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

12. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 146. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 8. maí 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

13. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 56. fundar samráðshóps um vatnsvernd



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

og nýtingu dags. 5. febrúar 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 57. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 12. mars 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 58. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 29. apríl 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 59. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 28. maí 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 60. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 25. júní 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

14. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 6. maí 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 3. júní 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.